

FERÐA  
MÁLA  
STOFA

ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD



# LEIÐBEINANDI REGLUR UM ÖRYGGISMÁL FERÐASKIPULEGGJENDA OG FERÐASKRIFSTOFA



## INNGANGUR:

Ferðamálastofa hefur gefið út leiðbeinandi reglur um öryggismál fyrir ferðaþjónustuaðila sem bjóða upp á afþreyingarferðir, þ.e. ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur. Tilgangur reglnanna er að mæta auknum öryggiskröfum til handhafa ferðaskipuleggjenda- og ferðaskrifstofuleyfa ásamt því að einfalda rekstraraðilum leit að þeim öryggiskröfum sem gerðar eru fyrir mismunandi tegundir ferða.

Reglurnar voru unnar af starfshópi sem skipaður var eftirtöldum fulltrúum:

Helena Karlsdóttir, Ferðamálastofa, formaður.  
Jónas Guðmundsson, Slysavarnarfélagið Landsbjörg  
Gunnar Valur Sveinsson, Samtök ferðaþjónustunnar  
Bryndís Kristjánsdóttir, Félag leiðsögumanna

Verkefni hópsins var að semja reglugerð um öryggismál innan ferðaþjónustunnar í tengslum við framlagt frumvarp um breytingar á lögum um skipan ferðamála. Þrátt fyrir að ekki hafi náðst að ljúka umfjöllun um frumvarpið á síðasta þingi, er ljóst að kröfur til ferðaþjónustufyrirtækja á þessu sviði munu aukast og því eru fyrirtæki eru hvött til að tileinka sér reglurnar sem fyrst. Reglur þessar eru unnar í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru innan VAKANS, gæða- og umhverfiskerfis ferðaþjónustunnar.

Maí 2013,

Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri

## **Leiðbeinandi reglur um öryggismál ferðaskipuleggjenda og ferðaskrifstofa**

### **1. gr.**

#### **Gildissvið**

Reglur þessar eiga við um starfsemi og þjónustu ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda sem, að eigin frumkvæði eða að beiðni viðskiptavinar, skipuleggja, bjóða fram og selja ferðatengda þjónustu til almennings í atvinnuskyni.

### **2. gr.**

#### **Markmið**

Markmið regnanna er að auka öryggiskröfur til leyfishafa ferðaskipuleggjenda- og ferðaskrifstofuleyfa ásamt því að einfalda rekstraraðilum leit að þeim öryggiskröfum sem gerðar eru fyrir mismunandi tegundir ferða.

### **3. gr.**

#### **Öryggisáætlun**

Ferðamálastofa hvetur þá sem bjóða ferðamönnum upp á skipulagðar ferðir innanlands til að útbúa öryggisáætlun vegna þeirra ferða. Öryggisáætlun samanstendur af áhættumati verklagsreglum, viðbragðsáætlun og atvikaskýrslu. Öryggisáætlanir eru hluti af gæða- og öryggiskerfi hvers fyrirtækis.

Með skipulögðum ferðum er átt við þær ferðir sem ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur setja saman, bjóða fram og selja, að eigin frumkvæði eða eftir beiðni viðskiptavinar, ferðatengda þjónustu eða afþreyingu til almennings í atvinnuskyni.

Í öryggisáætlun skal kveðið á um viðeigandi þekkingu og þjálfun starfsmanna, þann búnað sem nauðsynlegur er við mismunandi aðstæður og allir farþegar skulu hafa aðgang að. Upplýsa skal farþega um öryggisatriði sem hafa ber í huga og því þarf að tryggja að í öllum ferðum sé starfsmaður sem talar erlent tungumál sem farþegarnir skilja. Í öryggisáætluninni skal kveðið á um að í ferðum séu trygg fjarskiptatæki með í för. Tryggja þarf að fjöldi ferðamanna á hvern starfsmann sem leiðsegir í ferð sé aldrei það mikill að öryggi farþega sé ógnað og skulu settar viðmiðunarreglur þess efnis. Starfsmaður skal þekkja mjög vel öryggisáætlun fyrirtækisins.

### **4. gr.**

#### **Áhættumat**

Gera skal skriflegt áhættumat fyrir hverja ferð. Áhættumat er skoðun sem felst í því að greina og finna út hvaða hættur eru í starfsumhverfinu sem hugsanlega gætu leitt til óhappa. Við áhættumatið skal vega saman alvarleika hættunnar og líkurnar á því að hætta skapist. Þátttakendur og kaupendur ferðar skulu upplýstir um helstu áhættuþætti sem í henni kunna að felast.

Í fyrirtækjum þarf að liggja fyrir þekking á svæðum og leiðum sem ferðast er um og þekking á þeirri þjónustu sem veitt er.

Tryggt skal að áhættumatið feli í sér eftirfarandi:

#### **1. Greiningu á hugsanlegum hættum og óhöppum**

Farið er markvisst í gegnum alla þjónustu sem fyrirtækið veitir og horft gagnrýnið á hvar óhöpp gætu átt sér stað. Aðstæður eru skoðaðar á kerfisbundinn hátt og áhættuþættir í starfsumhverfi, vinnuskipulagi og við framkvæmd ferðar greindir og skráðir.

## 2. Greiningu á því hverjir geta orðið fyrir óhappi og hvernig

Hér skal farið vel í hvernig óhöpp gætu átt sér stað á hverju starfssvæði og hverjir það eru sem gætu lent í þeim. Greina ber á milli viðskiptavina og starfsmanna en hér er fyrst og fremst horft til slysa sem viðskiptavinir geta orðið fyrir. Gott er á þessu stigi að meta hvort hægt sé að fjarlægja hættuna, sem má t.d. gera með því að:

- A. Breyta þjónustu.
- B. Breyta leiðarvali.
- C. Auka fræðslu.
- D. Auka við búnað.

## 3. Alvarleiki áhættu metinn

Allir áhættuþættir eru metnir, þ.e. eðli, alvarleiki, líkur, umfang og orsök hættunnar. Mikilvægt er að átta sig á hversu alvarleg hættan gæti verið og er þá horft til tveggja þátta:

- A. Alvarleika óhapps eða áverka á fólki.
- B. Truflunar á starfsemi fyrirtækisins.

## 4. Áhættumat útbúið

Eftir að farið hefur verið markvisst í gegnum fyrstu þrjú skrefin er hægt að fylla út áhættumat fyrir hverja og eina vöru/þjónustu. Gott er að hafa þá reglu að gera áhættumat þótt menn telji enga hættu vera til staðar.

## 5. Áhættumat endurmetið reglulega

Nauðsynlegt er að endurmeta áhættumatið reglulega eða a.m.k. einu sinni á ári. Einnig skal slíkt endurmat fara fram ef (atvik) óhapp eða slys hefur átt sér stað og skal þá stuðst við atvikaskýrslu.

### 5. gr.

#### Verklagsreglur

Útbúa skal skriflegar verklagsreglur. Í þeim skal farið yfir hvernig fyrirtækið ber sig að við framkvæmd þjónustunnar, kröfur sem gerðar eru um þekkingu starfsmanna á staðháttum í viðkomandi ferð, reynslu, kunnáttu og þjálfun starfsmannanna, gátlista, búnaðarlista, fjölda viðskiptavina á hvern starfsmann sem leiðsegir í hverri ferð, leiðarval og upplýsingagjöf til þátttakenda. Verklagsreglur skulu m.a. taka mið af áhættumati en þeim er ætlað að lágmarka eða útiloka hættur sem þar koma fram.

### 6. gr.

#### Viðbragðsáætlun

Útbúa skal viðbragðsáætlun sem tekur m.a. mið af áhættumatinu. Í áætluninni skal vera lýsing á viðbrögðum við hættu eða þegar slys og óhöpp verða. Viðbragðsáætlun er ætlað að koma í veg fyrir hugsanleg óhöpp og lágmarka afleiðingar slysa og óhappa. Mikilvægt er að viðbragðsáætlunin sé einföld og skýr.

### 7. gr.

#### Atvikaskýrsla

Samhliða viðbragðsáætlun skal vera atvikaskýrsla. Í hana skal skrá öll óhöpp, slys og atvik sem hefðu getað leitt til óhapps eða slyss. Atvikaskýrslan er ætluð til gæða- og öryggisstjórnunar, þ.e. hvort hægt sé að bæta þjónustu, útiloka hættur eða annað í þeim tilgangi að atvikið endurtaki sig ekki eða lágmarka afleiðingar þess.

Atvikaskýrslur skulu nýttar til að endurmeta þjónustu, bæta öryggi, áhættumat og ekki síst viðbragðsáætlanir. Atvikaskýrslur geta leitt í ljós hvort ein tegund þjónustu sé líklegri til óhappa en önnur.

Nauðsynlegt er að atvikaskýrsla sé til staðar í öllum ferðum fyrirtækisins og sé hluti af þeim gögnum sem stjórnendur og starfsmenn hafa með sér í ferðir. Útfyllta atvikaskýrslu skal skila til þess sem ábyrgur er fyrir gæða- og öryggismálum fyrirtækisins eins fljótt og auðið er.

## 8. gr. Ferðir á landi

### 1. Gönguferðir

#### a. Gönguferðir á skriðjöklum

Starfsmaður sem leiðsegir í gönguferðum á skriðjöklum skal hafa góða reynslu og þekkingu af ferðalögum á skriðjöklum bæði að sumar- og vetrarlagi.

Starfsmaður sem leiðsegir í skriðjöklaferðum skal auk grunnnámskeiðs hafa undirgengist hæfnismat í fyrsta stigs jöklaleiðsögn (Level I). Að loknu námskeiði eiga nemendur að vera færir um að leiðsegja undir beinni og óbeinni leiðsögn í öllum hefðbundnum skriðjöklaferðum sem og í ísklifurverkefnum á skriðjöklum að sumri til.

Sá sem hefur yfirumsjón með skriðjöklaferðum skal einnig hafa undirgengist sérstakt hæfnismat í annars stigs jöklaleiðsögn (Level II). Hann skal vera fær til að vinna alla þá vinnu sem framkvæmd er á skriðjöklum jafnt sumar sem vetur.

Starfsmaður sem starfar sem aðstoðarmaður eða aðstoðar við leiðsögn í gönguferðum á skriðjöklum skal hafa sótt grunnnámskeið í jöklaleiðsögn.

*Sjá fylgiskjal 1*

#### b. Gönguferðir á jöklum og erfiðu fjallendi

Starfsmaður sem leiðsegir í gönguferðum á jöklum og erfiðu fjallendi skal hafa góða reynslu og þekkingu af ferðalögum á jöklum og erfiðu fjallendi eða slíkum svæðum bæði að sumar- og vetrarlagi.

Starfsmaður sem leiðsegir í ferðum á jöklum og erfiðu fjallendi skal auk námskeiðs í fjallaleiðsögn 1 hafa lokið námskeiði í fjallaleiðsögn 2. Þeir sem ljúka námskeiðinu mega leiðsegja undir óbeinni leiðsögn á leiðum sem „gráðaðar“ hafa verið sem auðveldari.

Sá sem hefur yfirumsjón með jöklaferðum skal hafa lokið námskeiði í fjallaleiðsögn 3 og hafa rétt til að vinna við alla fjallaleiðsögn.

Starfsmaður sem starfar sem aðstoðarmaður eða aðstoðar við leiðsögn í gönguferðum á jöklum og erfiðu fjallendi skal hafa sótt námskeið í fjallaleiðsögn 1 og telst þá hæfur til að leiðsegja undir beinni leiðsögn.

*Sjá fylgiskjal 2.*

Með erfiðu fjallendi er t.d. átt við fjöll sem krefjast sérstakrar þekkingar svo sem klifurs með viðskiptavini, „short-rope“ tækni og fjölspannaklifurs. Dæmi um staði eru Þverártindsegg, Hrútfellstindar, Hvannadalshnjúkur, Þumall og Skarðsheiði.

#### c. Gönguferðir á hálendi og í óbyggðum

Starfsmaður sem leiðsegir í gönguferðum á hálendi og í óbyggðum skal hafa góða reynslu og þekkingu af ferðalögum á þess háttar landssvæðum að sumar- og vetrarlagi. Starfsmaðurinn skal hafa lokið að minnsta kosti eftirfarandi námskeiðum:

- Námskeiði í fjallamennsku I sem ætlað er að kenna þátttakendum undirstöðuatriðin í fjallamennsku svo þeir geti bjargað sér í fjallendi við íslenskar aðstæður.
- Námskeiði í ferðamennsku sem ætlað er að gera þátttakendur hæfari til þess að stunda ferðamennsku og útivist.
- Námskeiði í rötun sem ætlað er að kenna þátttakendum kortalestur, notkun áttavita og grunnatriði GPS tækja.
- Námskeiði í fyrstu hjálp í óbyggðum (WFR). Námskeiðinu er ætlað að gera þátttakendur vel þjálfaða í fyrstu hjálp. Að þeir geti brugðist við slysum og veikindum þegar langt er í sérhæfða aðstoð eða ekki hægt að kalla á hjálp.

- Þverun straumvatna þar sem markmiðið er að gera þátttakendur öruggari við þverun straumvatna.
- Námskeiði í snjóflóðum 1, fyrir gönguferðir að vetrarlagi, sem hefur það að markmiði að þátttakendur læri og tileinki sér grunnatriði í mati á snjóflóðahættu, verði hæfari til að framkvæma leit og bjarga fólki sem lent hafa í snjóflóði.

*Sjá fylgiskjal 4.*

Með hálendi og óbyggðum er átt við svæði/staði þar sem bið eftir sérhæfðri aðstoð væri tvær klukkustundir eða lengur. Með sérhæfðri aðstoð er átt við sjúkralið, björgunarsveitir og aðra viðbragðsaðila sem geta aðstoðað ef til óhapps/slyss kemur.

#### **d. Gönguferðir í dreifbýli**

Starfsmaður sem leiðsegir í gönguferðum í dreifbýli skal hafa góða reynslu og þekkingu af ferðalögum á þess háttar landssvæðum að sumar- og vetrarlagi. Starfsmaðurinn skal hafa lokið að minnsta kosti eftirfarandi námskeiðum:

- Námskeiði í fjallamennsku I sem ætlað er að kenna þátttakendum undirstöðuatriðin í fjallamennsku svo þeir geti bjargað sér í fjalllendi við íslenskar aðstæður.
- Námskeiði í ferðamennsku sem ætlað er að gera þátttakendur hæfari til þess að stunda ferðamennsku og útivist.
- Námskeiði í rötun sem ætlað er að kenna þátttakendum kortalestur, notkun áttavita og grunnatriði GPS tækja.
- Fyrstu hjálp 1. Námskeiðið er ætlað þeim sem dvelja í dreifbýli og óbyggðum. Markmiðið er að nemendur geti tekið þátt í að meta sjúklinga í kjölfar veikinda og slysa ásamt því að aðstoða við meðferð og undirbúning og/eða flutning þeirra á sjúkrahús.
- Þverun straumvatna þar sem markmiðið er að gera þátttakendur öruggari við þverun straumvatna.
- Námskeiði í snjóflóðum 1, fyrir gönguferðir að vetrarlagi, sem hefur það að markmiði að þátttakendur læri og tileinki sér grunnatriði í mati á snjóflóðahættu, verði hæfari til að framkvæma leit og bjarga fólki sem lent hefur í snjóflóði.

*Sjá fylgiskjal 4.*

Með dreifbýli er átt við svæði/staði þar sem bið eftir sérhæfðri aðstoð er á bilinu 30-120 mínútur (0,5-2,0 klst). Með sérhæfðri aðstoð er átt við sjúkralið, björgunarsveitir og aðra viðbragðsaðila sem geta aðstoðað ef til óhapps/slys kemur.

#### **e. Gönguferðir í þéttbýli**

Starfsmaður sem leiðsegir í gönguferðum í þéttbýli skal hafa staðgóða þekkingu á viðfangsefni sínu og skal hafa lokið að minnsta kosti námskeiði í skyndihjálp. *Sjá fylgiskjal 4.*

Með þéttbýli er átt við svæði sem afmarkað er með skiltum sem merkja þéttbýli og þar sem mannvirki og búsetustaðir liggja þétt saman miðað við nálæg svæði.

## **2. Skíðaferðir**

### **a. Skíðaferðir á skíðasvæðum/troðnum slóðum**

Starfsmaður sem leiðsegir í skíðaferðum skal hafa góða reynslu og þekkingu af skíðaiðkun og viðkomandi skíðasvæði. Starfsmaður sem leiðsegir í skíðaferðum skal hafa lokið að minnsta kosti námskeiði í fyrstu hjálp 1. *Sjá fylgiskjal 4.*

### **b. Skíðaferðir utan troðinna slóða**

Starfsmaður sem leiðsegir í skíðaferðum utan troðinna slóða skal hafa góða reynslu og þekkingu af skíðaiðkun og viðkomandi svæði.

Starfsmaður sem leiðsegir í skíðaferðum utan troðinna slóða skal hafa lokið námskeiði í skíðaleiðsögn 1 og undirgengist hæfnismat í skíðaleiðsögn 2. Skíðaleiðsögn 2 veitir réttindi til að starfa undir beinni og óbeinni leiðsögn skíðaleiðsögumanna.

Sá sem hefur yfirumsjón með skíðaferðum utan troðinna slóða skal hafa undirgengist sérstakt hæfnismat í skíðaleiðsögn 3 og hafa rétt til að vinna við alla skíðaleiðsögn og skíðaleiðangra.

Starfsmaður sem er aðstoðarmaður eða aðstoðar við leiðsögn í skíðaferðum utan troðinna slóða skal hafa lokið fjallaleiðsögn 1.

*Sjá fylgiskjal 3.*

### **3. Ökuferðir**

Með ökuferðum er átt við fólksflutninga með bifreiðum sem skráðar eru fyrir níu farþega eða fleiri. Einnig er átt við sérútbúnað bifreiðar enda séu þær notaðar í tengslum við þjónustu við ferðamenn, t.d. til fjallaferða, jafnvel þótt bifreiðarnar rúmi færri farþega en níu.

Ökumaður skal hafa tilskilin ökuréttindi og að öðru leyti að vera til þess fallinn að starfa við fólksflutninga.

Ökumaður bifreiða skal hafa haldgóða reynslu og þekkingu á aksturseiginleikum bifreiðarinnar. Ökumaður og starfsmaður sem leiðsegir í ökuferðum skal hafa þekkingu og reynslu á því svæði sem ferðast er um bæði að sumar- og vetrarlagi.

Bifreið, sem notuð er til fólksflutninga, skal uppfylla gæða- og tækniröfur Vegagerðarinnar og hana má eingöngu nota til flutninganna á meðan slíkt leyfi gildir.

#### **a. Ökuferðir á jöklum að sumar- og vetrarlagi, hálendi og í óbyggðum að vetrarlagi**

Ökumaður og starfsmaður sem leiðsegir í ökuferðum á jöklum að sumar- og vetrarlagi, á hálendi og í óbyggðum að vetrarlagi skal hafa kynnt sér spungukort af jöklum landsins og lokið að minnsta kosti eftirfarandi námskeiðum:

- Námskeiðinu „Ferðast á jöklum“ sem ætlað er að gera þátttakendur hæfari til ferðalaga um jökla hvort sem er akandi eða gangandi.
- Námskeiði í fjallamennsku I sem ætlað er að kenna þátttakendum undirstöðuatriðin í fjallamennsku svo þeir geti bjargað sér í fjallendi við íslenskar aðstæður.
- Námskeiði í ferðamennsku sem ætlað er að gera þátttakendur hæfari til þess að stunda ferðamennsku og útivist.
- Námskeiði í rötun sem ætlað er að kenna þátttakendum kortalestur, notkun áttavita og grunnatriði GPS tækja.
- Fyrstu hjálp í óbyggðum (WFR). Námskeiðinu er ætlað að gera þátttakendur vel þjálfaða í fyrstu hjálp. Að þeir geti brugðist við slysum og veikindum þegar langt er í sérhæfða aðstoð eða ekki hægt að kalla á hjálp.
- Námskeiði í sprungubjörgun sem ætlað er að gera þátttakendur hæfa til að bregðast við ef samferðamaður fellur í sprungu.
- Námskeiði um snjóflóð 1, fyrir ökuferðir að vetrarlagi, þar sem þátttakendur læra og tileinka sér grunnatriði í mati á snjóflóðahættu, svo þeir verði hæfari til að framkvæma leit og bjarga félögum sem lent hafa í snjóflóði.

*Sjá fylgiskjal 4.*

Með hálendi og óbyggðum er átt við svæði/staði þar sem bið eftir sérhæfðri aðstoð væri tvær klukkustundir eða lengur. Með sérhæfðri aðstoð er átt við sjúkralið, björgunarsveitir og aðra viðbragðsaðila sem geta aðstoðað ef til óhapps/slyss kemur.

#### **b. Ökuferðir á hálendi og í óbyggðum að sumarlagi**

Starfsmaður sem leiðsegir í ökuferðum á hálendi og í óbyggðum að sumarlagi skal hafa lokið að minnsta kosti eftirfarandi námskeiðum:

- Námskeiði í ferðamennsku sem ætlað er að gera þátttakendur hæfari til þess að stunda ferðamennsku og útivist.
- Námskeiði í rötun sem ætlað er að kenna þátttakendum kortalestur, notkun áttavita og grunnatriði GPS tækja.
- Fyrstu hjálp í óbyggðum (WFR) Námskeiðinu er ætlað að gera þátttakendur vel þjálfaða í fyrstu hjálp. Að þeir geti brugðist við slysum og veikindum þegar langt er í sérhæfða aðstoð eða ekki hægt að kalla á hjálp  
*Sjá fylgiskjal 4.*

Með hálendi og óbyggðum er átt við svæði/staði þar sem bið eftir sérhæfðri aðstoð væri tvær klukkustundir eða lengur. Með sérhæfðri aðstoð er átt við sjúkralið, björgunarsveitir og aðra viðbragðsaðila sem geta aðstoðað ef til óhapps/slyss kemur.

### **c. Ökuferðir í dreifbýli**

Starfsmaður sem leiðsegir í ökuferðum í dreifbýli skal hafa lokið að minnsta kosti eftirfarandi námskeiðum:

- Námskeiði í ferðamennsku sem ætlað er að gera þátttakendur hæfari til þess að stunda ferðamennsku og útivist.
- Námskeiði í rötun sem ætlað er að kenna þátttakendum kortalestur, notkun áttavita og grunnatriði GPS tækja.
- Fyrstu hjálp 1. Námskeiðið er ætlað þeim sem dvelja í dreifbýli. Markmiðið er að nemendur geti tekið þátt í að meta sjúklinga í kjölfar veikinda og slysa ásamt því að aðstoða við meðferð og undirbúning og/eða flutning þeirra á sjúkrahús.

*Sjá fylgiskjal 4*

Með dreifbýli er átt við svæði/staði þar sem bið eftir sérhæfðri aðstoð er á bilinu 30-120 mínútur (0,5-2,0 klst). Með sérhæfðri aðstoð er átt við sjúkralið, björgunarsveitir og aðra viðbragðsaðila sem geta aðstoðað ef til óhapps/slys kemur.

### **d. Ökuferðir í þéttbýli**

Starfsmaður sem leiðsegir í ökuferðum í þéttbýli skal hafa staðgóða þekkingu á viðfangsefni sínu og skal hafa lokið að minnsta kosti námskeiði í skyndihjálp. *Sjá fylgiskjal 4.*

Með þéttbýli er átt við svæði sem afmarkað er með skiltum sem merkja þéttbýli og þar sem mannvirki og búsetustaðir liggja þétt saman miðað við nálæg svæði.

## **4. Ferðir með leigubifreiðum**

Ökumaður fólksbifreiðar sem ætluð er til ferðatengdrar þjónustu í atvinnuskyni skal hafa aukin ökuréttindi til fólksflutninga sem og haldgóða reynslu og þekkingu á aksturseiginleikum bifreiðarinnar. Ökumaður skal hafa þekkingu og reynslu á því svæði sem ferðast er um bæði að sumar- og vetrarlagi. Að öðru leyti gilda um ferðir leigubifreiða sömu kröfur og gilda um aðrar ökuferðir.

## **5. Sleðaferðir**

### **a. Vélslæðaferðir**

Starfsmaður sem leiðsegir í sleðaferðum skal hafa góða reynslu og þekkingu af ferðalögum á svæðinu. Starfsmaðurinn skal hafa lokið að minnsta kosti eftirfarandi námskeiðum:



- Ferðast á jöklum. Námskeiðinu er ætlað að gera þátttakendur hæfari til ferðalaga um jökla hvort sem er akandi eða gangandi.
  - Vélsleðamaður 1. Námskeiðinu er ætlað að gera þátttakendur hæfari til ferðamennsku á vélsleðum og því sem sérstaklega þarf að gæta að hvað þann ferðamáta varðar.
  - Námskeiði í ferðamennsku sem ætlað er að gera þátttakendur hæfari til þess að stunda ferðamennsku og útivist.
  - Námskeiði í rötun sem ætlað er að kenna þátttakendum kortalestur, notkun áttavita og grunnatriði GPS tækja.
  - Námskeiði í fjallamennsku I sem ætlað er að kenna þátttakendum undirstöðuatriði fjallamennsku svo þeir geti bjargað sér í fjallendi við íslenskar aðstæður.
  - Fyrstu hjálp í óbyggðum (WFR). Námskeiðinu er ætlað að gera þátttakendur vel þjálfaða í fyrstu hjálp. Að þeir geti brugðist við slysum og veikindum þegar langt er í sérhæfða aðstoð eða ekki hægt að kalla á hjálp.
  - Fagnámskeiði í snjóflóðum. Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa áhuga á að auka þekkingu sína á snjóflóðafræðum og björgun úr snjóflóðum. Markmið þess er að þjálf þátttakendur og gera þá færa um að meta snjóflóðahættu og taka þátt í og stjórna leit og björgun úr snjóflóðum.
- Sjá fylgiskjal 4.*

#### **b. Hundasleðaferðir**

Starfsmaður sem leiðsegir í hundasleðaferðum skal hafa góða reynslu og þekkingu af ferðalögum á svæðinu. Starfsmaðurinn skal einnig hafa góða reynslu og þekkingu á sleðahundum, aðbúnaði þeirra, umhirðu og notkun. Starfsmaðurinn skal hafa lokið að minnsta kosti eftirfarandi námskeiðum:

- Ferðast á jöklum. Námskeiðinu er ætlað að gera þátttakendur hæfari til ferðalaga um jökla hvort sem er akandi eða gangandi.
  - Námskeiði í ferðamennsku sem ætlað er að gera þátttakendur hæfari til þess að stunda ferðamennsku og útivist.
  - Námskeiði í rötun sem ætlað er að kenna þátttakendum kortalestur, notkun áttavita og grunnatriði GPS tækja.
  - Námskeiði í fjallamennsku I sem ætlað er að kenna þátttakendum undirstöðuatriðin í fjallamennsku svo þeir geti bjargað sér í fjallendi við íslenskar aðstæður.
  - Fyrstu hjálp í óbyggðum (WFR). Námskeiðinu er ætlað að gera þátttakendur vel þjálfaða í fyrstu hjálp. Að þeir geti brugðist við slysum og veikindum þegar langt er í sérhæfða aðstoð eða ekki hægt að kalla á hjálp.
  - Fagnámskeiði í snjóflóðum. Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa áhuga á að auka þekkingu sína á snjóflóðafræðum og björgun úr snjóflóðum. Markmið þess er að þjálf þátttakendur og gera þá færa um að meta snjóflóðahættu og taka þátt í og stjórna leit og björgun úr snjóflóðum.
- Sjá fylgiskjal 4.*

### **6. Hestaferðir**

Starfsmaður sem leiðsegir í hestaferðum skal hafa góða reynslu og þekkingu af ferðalögum á þeim svæðum sem ferðast er um bæði að sumar- og vetrarlagi. Starfsmaðurinn skal einnig hafa góða reynslu og þekkingu á hrossum, aðbúnaði þeirra, umhirðu og notkun sbr. reglur þar um.

#### **a. Hestaferðir á hálendi og í óbyggðum**

Starfsmaður sem leiðsegir í hestaferðum á hálendi og í óbyggðum skal hafa lokið að minnsta kosti eftirfarandi námskeiðum:

- Námskeiði í ferðamennsku sem ætlað er að gera þátttakendur hæfari til þess að stunda ferðamennsku og útivist.
- Námskeiði í rötun sem ætlað er að kenna þátttakendum kortalestur, notkun áttavita og grunnatriði GPS tækja.
- Fyrsta hjálp í óbyggðum (WFR). Námskeiðinu er ætlað að gera þátttakendur vel þjálfaða í fyrstu hjálp. Að þeir geti brugðist við slysum og veikindum þegar langt er í sérhæfða aðstoð eða ekki hægt að kalla á hjálp.
- Námskeiði um öryggi við sjó og vötn sem ætlað er að gera þátttakendur meðvitaða um þær hættur sem felast í umgengni við sjó, stöðuvötn og straumvötn.

*Sjá fylgiskjal 4.*

Með hálendi og óbyggðum er átt við svæði/staði þar sem bið eftir sérhæfðri aðstoð væri tvær klukkustundir eða lengur. Með sérhæfðri aðstoð er átt við sjúkralið, björgunarsveitir og aðra viðbragðsaðila sem geta aðstoðað ef til óhapps/slyss kemur.

### **b. Hestaferðir, lengri ferðir í dreifbýli**

Starfsmaður sem leiðsegir í hestaferðum í lengri ferðum í dreifbýli skal hafa lokið að minnsta kosti eftirfarandi námskeiðum:

- Námskeiði í ferðamennsku sem ætlað er að gera þátttakendur hæfari til þess að stunda ferðamennsku og útivist.
- Námskeiði í rötun sem ætlað er að kenna þátttakendum kortalestur, notkun áttavita og grunnatriði GPS tækja.
- Fyrstu hjálp 1. Námskeiðið er ætlað þeim sem dvelja í dreifbýli og óbyggðum. Markmiðið er að nemendur geti tekið þátt í að meta ástand sjúklinga í kjölfar veikinda og slysa ásamt því að aðstoða við meðferð og undirbúning og/eða flutning þeirra á sjúkrahús.
- Námskeiði um öryggi við sjó og vötn sem ætlað er að gera þátttakendur meðvitaða um þær hættur sem felast í umgengni við sjó, stöðuvötn og straumvötn.

*Sjá fylgiskjal 4.*

Með dreifbýli er átt við svæði/staði þar sem bið eftir sérhæfðri aðstoð er á bilinu 30-120 mínútur (0,5-2,0 klst). Með sérhæfðri aðstoð er átt við sjúkralið, björgunarsveitir og aðra viðbragðsaðila sem geta aðstoðað ef til óhapps/slys kemur.

### **c. Hestaferðir, styttri ferðir í og við þéttbýli**

Starfsmaður sem leiðsegir í styttri hestaferðum í og við þéttbýli skal hafa staðgóða þekkingu á viðfangsefni sínu og skal hafa lokið að minnsta kosti námskeiði í skyndihjálp. *Sjá fylgiskjal 4.*

Með þéttbýli er átt við svæði sem afmarkað er með skiltum sem merkja þéttbýli og þar sem mannvirki og búsetustaðir liggja þétt saman miðað við nálæg svæði.

## **7. Reiðhjólafærðir**

Starfsmaður sem leiðsegir í hjólafærðum skal hafa góða reynslu og þekkingu á hjólum og eiginleikum þeirra. Starfsmaðurinn skal einnig hafa reynslu og þekkingu á ferðalögum á hjólum á þeim svæðum sem ferðast er um.

### **a. Reiðhjólafærðir á hálendi og í óbyggðum**

Starfsmaður sem leiðsegir í hjólafærðum í dreifbýli og óbyggðum skal hafa lokið að minnsta kosti eftirfarandi námskeiðum:

- Námskeiði í fjallamennsku I sem ætlað er að kenna þátttakendum undirstöðuatriðin í fjallamennsku svo þeir geti bjargað sér í fjalllendi við íslenskar aðstæður.
- Námskeiði í ferðamennsku sem ætlað er að gera þátttakendur hæfari til þess að stunda ferðamennsku og útivist.
- Námskeiði í rötun sem ætlað er að kenna þátttakendum kortalestur, notkun áttavita og grunnatriði GPS tækja.
- Námskeiði í fyrstu hjálp í óbyggðum (WFR). Námskeiðinu er ætlað að gera þátttakendur vel þjálfaða í fyrstu hjálp. Þeir eiga að geta brugðist við slysum og veikindum þegar langt er í sérhæfða aðstoð eða ekki hægt að kalla á hjálp.

*Sjá fylgiskjal 4.*

Með hálendi og óbyggðum er átt við svæði/staði þar sem bið eftir sérhæfðri aðstoð væri tvær klukkustundir eða lengur. Með sérhæfðri aðstoð er átt við sjúkralið, björgunarsveitir og aðra viðbragðsaðila sem geta aðstoðað ef til óhapps/slyss kemur.

### **b. Reiðhjólaferðir í dreifbýli**

Starfsmaður sem leiðsegir í hjólaferðum í dreifbýli skal hafa lokið að minnsta kosti eftirfarandi námskeiðum:

- Námskeiði í ferðamennsku sem ætlað er að gera þátttakendur hæfari til þess að stunda ferðamennsku og útivist.
- Námskeiði í rötun sem ætlað er að kenna þátttakendur kortalestur, notkun áttavita og grunnatriði GPS tækja.
- Fyrstu hjálp 1. Námskeiðið er ætlað þeim sem dvelja í dreifbýli og óbyggðum. Markmiðið er að nemendur geti tekið þátt í að meta ástand sjúklinga í kjölfar veikinda og slysa ásamt því að aðstoða við meðferð og undirbúning og/eða flutning þeirra á sjúkrahús.

*Sjá fylgiskjal 4.*

Með dreifbýli er átt við svæði/staði þar sem bið eftir sérhæfðri aðstoð er á bilinu 30-120 mínútur (0,5-2,0 klst). Með sérhæfðri aðstoð er átt við sjúkralið, björgunarsveitir og aðra viðbragðsaðila sem geta aðstoðað ef til óhapps/slyss kemur.

### **c. Reiðhjólaferðir í þéttbýli**

Starfsmaður sem leiðsegir í hjólaferðum í þéttbýli skal hafa staðgóða þekkingu á viðfangsefni sínu og skal hafa lokið að minnsta kosti námskeiði í skyndihjálp. *Sjá fylgiskjal 4.*

Með þéttbýli er átt við svæði sem afmarkað er með skiltum sem merkja þéttbýli og þar sem mannvirki og búsetustaðir liggja þétt saman miðað við nálæg svæði.

## **8. Bif- og fjórhjólaferðir**

Starfsmaður sem leiðsegir í bif- og fjórhjólaferðum skal hafa haldgóða reynslu og þekkingu á aksturseiginleikum hjólsins. Starfsmaðurinn skal einnig hafa góða reynslu og þekkingu af ferðalögum á þeim svæðum sem ferðast er um að sumar- og vetrarlagi. Um akstur, gerð og búnað bif- og fjórhjóla fer samkvæmt umferðarlögum.

### **a. Bif- og fjórhjólaferðir á hálendi og í óbyggðum**

Starfsmaður sem leiðsegir í bif- og fjórhjólaferðum á hálendi og í óbyggðum skal hafa lokið að minnsta kosti eftirfarandi námskeiðum:

- Námskeiði í fjallamennsku I sem ætlað er að kenna þátttakendum undirstöðuatriðin í fjallamennsku svo þeir geti bjargað sér í fjalllendi við íslenskar aðstæður.

- Námskeiði í ferðamennsku sem ætlað er að gera þátttakendur hæfari til þess að stunda ferðamennsku og útivist.
- Námskeiði í rötun sem ætlað er að kenna þátttakendum kortalestur, notkun áttavita og grunnatriði GPS tækja.
- Námskeiði í fyrstu hjálp í óbyggðum (WFR). Námskeiðinu er ætlað að gera þátttakendur vel þjálfaða í fyrstu hjálp. Þeir eiga að geta brugðist við slysum og veikindum þegar langt er í sérhæfða aðstoð eða ekki hægt að kalla á hjálp. Mikil áhersla er á að nota lágmarksútbúnað.

*Sjá fylgiskjal 4.*

Með hálendi og óbyggðum er átt við svæði/staði þar sem bið eftir sérhæfðri aðstoð væri tvær klukkustundir eða lengur. Með sérhæfðri aðstoð er átt við sjúkralið, björgunarsveitir og aðra viðbragðsaðila sem geta aðstoðað ef til óhapps/slyss kemur.

### **b. Bif- og fjórhjólaferðir í dreifbýli**

Starfsmaður sem leiðsegir í bif- og fjórhjólaferðum á hálendi í dreifbýli skal hafa lokið að minnsta kosti eftirfarandi námskeiðum:

- Námskeiði í ferðamennsku sem ætlað er að gera þátttakendur hæfari til þess að stunda ferðamennsku og útivist.
- Námskeiði í rötun sem ætlað er að kenna þátttakendum kortalestur, notkun áttavita og grunnatriði GPS tækja.
- Fyrstu hjálp 1. Námskeiðið er ætlað þeim sem dvelja í dreifbýli og óbyggðum. Markmiðið er að nemendur geti tekið þátt í að meta sjúklinga í kjölfar veikinda og slysa ásamt því að aðstoða við meðferð og undirbúning og/eða flutning þeirra á sjúkrahús.

*Sjá fylgiskjal 4.*

Með dreifbýli er átt við svæði/staði þar sem bið eftir sérhæfðri aðstoð er á bilinu 30-120 mínútur (0,5-2,0 klst). Með sérhæfðri aðstoð er átt við sjúkralið, björgunarsveitir og aðra viðbragðsaðila sem geta aðstoðað ef til óhapps/slys kemur.

### **c. Bif- og fjórhjólaferðir í þéttbýli**

Starfsmaður sem leiðsegir í bif- og fjórhjólaferðum í þéttbýli skal hafa staðgóða þekkingu á viðfangsefni sínu og skal hafa lokið að minnsta kosti námskeiði í skyndihjálp. *Sjá fylgiskjal 4.*

Með þéttbýli er átt við svæði sem afmarkað er með skiltum sem merkja þéttbýli og þar sem mannvirki og búsetustaðir liggja þétt saman miðað við nálæg svæði.

## **9. gr.**

### **Ferðir á sjó, ám og vötnum**

#### **1. Ferðir á sjó**

Fyrirtæki sem stunda siglingar á sjó með ferðamenn, s.s. hvalaskoðun, sjóstöng, fuglaskoðun, hraðbátaferðir, ævintýraferðir eða annað slíkt, skulu hafa haffærnissskírteini og farþegaleyfi frá Siglingastofnun og eftir eðli báta önnur skírteini frá sömu stofnun. Jafnframt þurfa þau að hafa annað hvort ferðaskipuleggjenda- eða ferðaskrifstofuleyfi.

Að öðru leyti skal farið eftir gildandi lögum og reglugerðum sem gilda um ferðir á sjó, ám og vötnum og heyra undir Siglingastofnun.

Samanstandi ferð af fleiri þáttum en siglingum gilda um hana viðeigandi ákvæði reglnanna.

## 2. Kajak- og flúðasiglingar

Þeir sem stunda farþegaflutninga á smábátum skulu hafa til þess sérstakt starfsleyfi frá Siglingastofnun. Starfsmaður sem leiðsegir í kajak- og flúðasiglingum skal vera viðurkenndur af Siglingastofnun og hafa þá þekkingu og þjálfun á aðstæðum á sjó, ám og vötnum að sumar- og vetrarlagi sem krafist er. Starfsmaður sem leiðsegir í kajak- og flúðasiglingum skal hafa lokið að minnsta kosti eftirfarandi námskeiðum:

- Námskeiði í ferðamennsku sem ætlað er að gera þátttakendur hæfari til þess að stunda ferðamennsku og útivist.
- Fyrstu hjálp í óbyggðum (WFR). Námskeiðinu er ætlað að gera þátttakendur vel þjálfaða í fyrstu hjálp. Að þeir geti brugðist við slysum og veikindum þegar langt er í sérhæfða aðstoð eða ekki hægt að kalla á hjálp.
- Námskeiði um öryggi við sjó og vötn sem ætlað er að gera þátttakendur meðvitaða um þær hættur sem felast í umgengni við sjó, stöðuvötn og straumvötn.  
*Sjá fylgiskjal 4.*

## 3. Köfun

Starfsmaður sem leiðsegir í köfunarferðum skal hafa haldgóða reynslu og þekkingu á viðfangsefni sínu að sumar- og vetrarlagi. Skal hann hafa réttindi sem „Padi Divemaster“ eða sambærileg réttindi frá viðurkenndum alþjóðlegum köfunarsamtökum. Siglingastofnun hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða um köfun.

## 4. Sjósund

Starfsmaður sem leiðsegir í sjósundsferðum skal hafa haldgóða reynslu og þekkingu á viðfangsefni sínu að sumar- og vetrarlagi. Skal hann hafa lokið að minnsta kosti námskeiði í skyndihjálp á sundstöðum. *Sjá fylgiskjal 4.*

## 10. gr. Ferðir í lofti

### 1. Útsýnisflug

Flugmaður sem flýgur í útsýnisferðum með ferðamenn skal hafa til þess full réttindi og fyrirtækið skal hafa flugrekstrarleyfi sem og annað hvort ferðaskipuleggjenda- eða ferðaskrifstofuleyfi. Flugmálastjórn hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða um flug.

Samanstandi ferð af fleiri þáttum en útsýnisflugi gilda um þættina viðeigandi ákvæði reglnanna.

Ferðamálastofa, 15. maí 2013

---

Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri

## Fylgiskjal 1

### Leiðsögn á skriðjökklum

#### 1.1 Jöklaleiðsögn 1 (Grunnnámskeið)

##### Lýsing

Grunnnámskeiðið í jöklaleiðsögn tekur fjóra daga og fer fram á skriðjökli. Þetta námskeið er ætlað nýliðum í jöklaleiðsögn. Farið er yfir helstu atriðið í jöklaleiðsögn, s.s. leiðarval, sprungubjörgun, ísklifur, fjallavit, skráningu í log-bækur, samskipti við gesti og hópstjórnun. Björgunaræfing er einnig hluti af námskeiðinu.

##### Forkröfur

Gerð er krafa um grunnþekkingu á fjallamennsku og línuvinnu. Þessi grunnþekking getur verið í formi menntunar frá leiðsöguskólum, nýliðaþjálfunar björgunarsveita, Björgunarskóla Slysavarnafélags Landsbjargar eða viðurkenndra einkaaðila\* í fjallamennsku og ferðamennsku á jöklum.

Nemendur verða að hafa gilt skyndihjálparskírteini t.d fyrsta hjálp 1 og 2 eða sbrl. (40 klst).

\*Fyrirtæki sem hafa yfir að ráða Fjallaleiðsögumanni og Jöklaleiðsögumanni.

##### Mat

Geta nemenda í helstu áhersluatriðum skv. námsskrá Félags fjallaleiðsögumanna á Íslandi-AIMG er metin meðan á námskeiðinu stendur. Á síðasta degi fer fram mat þar sem nemendur þurfa að leysa björgunarverkefni.

##### Réttindi

Námskeiðið veitir rétt til að starfa á jökli undir beinni og óbeinni leiðsögn.\* Fyrstu 10 dagar í vinnu hvers starfsmanns eiga að vera starf sem aðstoðarleiðsögumaður undir beinni leiðsögn.

\*Bein leiðsögn – annar reyndari leiðsögumaður í sömu ferð. Óbein leiðsögn – annar reyndari leiðsögumaður frá sama fyrirtæki á sama svæði/jökli.

##### Kennsla

Námskeiðið fer fram á skriðjökli. Miða skal við að hlutfall nemenda og leiðbeinanda sé 6:1.

Æskilegt er tveir leiðbeinendur séu við kennslu og skiptist á að vera með hópana. Hvert námskeið er leitt af Fjallaleiðsögumanni sem einnig er reyndur Jöklaleiðsögumaður en aðrir leiðbeinendur eru að lágmarki reyndir Jöklaleiðsögumenn.

Hvert fyrirtæki fyrir sig getur haldið jöklaleiðsögn 1 uppfylli leiðbeinendur þess þær kröfur sem gerðar eru til þeirra um menntun og reynslu.

#### 1.2 Jöklaleiðsögn 2 (Level I)

##### Lýsing

Jöklaleiðsögn 2 er kennsla/mat sem tekur þrjá og hálfan dag. Prófað er í helstu atriðum jöklaleiðsagnar og viðbragða við slysum. Prófið fer fram á skriðjökli. Farið er yfir helstu atriðið í jöklaleiðsögn, s.s. leiðarval, sprungubjörgun, ísklifur, fjallavit, samskipti við gesti og hópstjórnun. Ætlast er til að nemendur sýni starfshæfni í þeim atriðum sem kynnt voru á

jöklaleiðsögn 1.

### **Forkröfur**

Gerð er krafa um að nemendur hafi 30 daga starfsreynslu í leiðsögn á skriðjökum. Starfsreynslu ber að skrá og hún skal vera vottuð af yfirleiðsögumanni viðkomandi fyrirtækis. Ennfremur er gert ráð fyrir að nemendur hafi lokið Jöklaleiðögn 1. Nemendur verða að hafa gilt Vettvangshjálp í óbyggðum (WFR ) skírteini eða sambærileg réttindi.

### **Mat**

Námskeiðið er kennsla/stöðumat skv. námsskrá félagsins. Mat á hæfni nemenda fer fram á meðan námskeiði stendur. Lagt er mat á færni í öllum þáttum jöklaleiðsagnar, svo sem samskiptum við gesti, leiðarval, kennsluhæfni, þekkingu á jökum, sögu o.þ.h., sprungubjörgun, línuvinnu og fjallaviti auk þess sem kunnátta í björgunaraðgerðum er metin.

### **Réttindi**

Að loknu námskeiði fá nemendur umsögn um eigin frammistöðu auk tillagna að mögulegum úrbótum. Þeir sem ljúka Jöklaleiðsögn 2 með jákvæða umsögn eiga að vera færir um að leiðsega í öllum hefðbundnum jöklaferðum sem og í ísklifurverkefnum á jökum að sumri til. Námskeiðið veitir réttindi til að starfa undir óbeinni leiðsögn reyndari Jöklaleiðsögumanna að sumri til og beinni leiðsögn að vetri til.

\*Vetur miðast við 1. nóvember til 1. maí.

### **Kennsla**

Matið fer fram á skriðjökli og miða skal við að hlutfall nemenda og leiðbeinanda sé 4:1. Einungis reyndur Fjallaleiðsögumaður sem einnig hefur lokið Jöklaleiðsögumannaprófi er hæfur til að kenna á Jöklaleiðsögn 2 . Æskilegt er að leiðbeinendur séu tveir og að hlutfallið sé að hámarki 8:2.

## **1.3 Jöklaleiðsögn 3 – Jöklaleiðsögumaður (Level II)**

### **Lýsing**

Jöklaleiðsögn 3 er fullnaðarpróf fyrir þá sem vinna á skriðjökum og tekur 3 1/2 dag. Metin eru sömu atriði og í Jöklaleiðsögn 2 en kröfur um frammistöðu eru umtalsvert stífari, sett eru skilyrði um að lágmarkskröfum sé náð til að standast prófið.

### **Forkröfur**

Nemendur verða að hafa lokið Jöklaleiðsögn 2 og hafa að auki samtals 70 daga starfsreynslu sem er skráð og vottuð af yfirleiðsögumanni viðkomandi fyrirtækis. Nemendur verða einnig að hafa gilt Vettvangshjálp í óbyggðum (WFR) skírteini eða sambærileg réttindi. Leyfilegt er að sækja um undanþágu frá Jöklaleiðsögn 2 geti umsækjandi sýnt fram á sambærilega reynslu og/eða menntun.

### **Mat**

Lagt er mat á færni nemenda skv. námsskrá félagsins, í samskiptum við gesti, leiðarval, kennsluhæfni, sprungubjörgun, fjallavit og línuvinnu auk þess sem kunnátta í björgunaraðgerðum er metin. Matið fer fram á sama hátt og í Jöklaleiðsögn 2 nema hvað kröfur um frammistöðu, færni og fumláus vinnubrögð eru umtalsvert meiri.

### **Réttindi**

Þeir sem standast prófið fá titilinn Jöklaleiðsögumaður AIMG. Þeir eru færir til að vinna alla þá vinnu sem framkvæmd er á skriðjökklum í íslenskri ferðaþjónustu jafnt sumar sem vetur og undir merkjum félagsins.

Jöklaleiðsögumaður hefur einnig rétt til að reka fyrirtæki sem býður upp á ferðir á skriðjökla á Íslandi eða vera fulltrúi rekstraraðila sem bjóða upp á slíkar ferðir. Jöklaleiðsögumaður sem hefur að lágmarki 100 daga starfsreynslu sem slíkur hefur einnig rétt til að vera aðstoðarkennari á jöklaleiðsögn 1. Jöklaleiðsögumenn skulu ávallt hafa gilt Vettvangshjálpi í óbyggðum (WFR) skírteini eða sbrl. menntun til að viðhalda réttindum sínum.

### **Kennsla**

Námskeiðið fer fram á skriðjökli og miða skal við að hlutfall nemenda og leiðbeinanda sé 4:1 og að hámarki 8:2. Einungis Fjallaleiðsögumaður IFMGA og Fjallaleiðsögumaður AIMG sem einnig hefur lokið Jöklaleiðsögumannaprófi og hefur reynslu\* af leiðsögn á skriðjökklum er hæfur til að kenna á Jöklaleiðsögn 3.

\*100 daga starfsreynsla sem Jöklaleiðsögumaður.



## **Fylgiskjal 2**

### **Fjallaleiðsögn**

#### **2.1 Fjallaleiðsögn 1** (áður nefnt Hnjúkur II og Alpanámskeið)

##### **Lýsing**

Fjallaleiðsögn 1 er fimm daga námskeið ætlað tilvonandi Fjallaleiðsögumönnum. Á námskeiðinu er kennt og metið skv. námskrá félagsins. Námskeiðið miðast við að undirbúa nemendur til að aðstoða reyndari Fjallaleiðsögumenn. Á námskeiðinu er m.a. farið í: mat í rötun þar sem bæði er notast við GPS og áttavita, féлага- og sjálfsbjörgun upp úr jökulsprungu fyrir ofan snjólínu, notkun neyðarskýla, björgunaræfingar og notkun björgunarbúnaðar, verklegar æfingar í leiðsögn og fjallavit, yfirferð neyðaráætlana, skipulag ferða og fyrirlestur um snjóflóð.

##### **Forkröfur**

Gerð er krafa um grunnþekkingu í fjallamennsku og línuvinnu. Þessi grunnþekking getur verið í formi menntunar frá leiðsöguskólum, nýliðabjálfunar björgunarsveita, Björgunarskóla Slysavarnafélags Landsbjargar eða viðurkenndra einkaaðila\* í fjallamennsku og ferðamennsku á jöklum. Einnig þurfa nemendur að geta sýnt fram á ferðareynslu\*\* í fjalllendi bæði vetur og sumar. Nemendur verða að hafa gilt skyndihjálparskírteini, t.d fyrsta hjálp 1 og 2 eða sambærilegt (40 klst).

\*Fyrirtæki sem yfir hafa að ráða Fjallaleiðsögumanni. \*\*Senda inn lista með 10 fjallaferðum og þurfa 5 af þeim að hafa verið á jökli.

##### **Mat**

Til að standast námskeiðið þurfa nemendur að sýna að þeir séu færir um að ferðast í brattlendi og á jöklum sumar sem vetur. Þeir skulu einnig vera færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum upp úr snævi þaktri jökulsprungu á sannfærandi hátt. Þeir þurfa að sýna fram á hæfni í fjallamennsku með fumlausum vinnubrögðum, sýna fjallavit og færni í rötun með notkun GPS, korta og áttavita.

##### **Réttindi**

Þeir sem standast Fjallaleiðsögn 1 teljast hæfir til að aðstoða Fjallaleiðsögumenn á íslenskum fjöllum undir beinni leiðsögn. Þetta á við sumar sem vetur en þó einungis á tæknilega einföldum leiðum, t.d. þar sem lína er einungis notuð vegna sprunguhættu.

##### **Kennsla**

Kennslan fer fram á skriðjöklum og á sprungnum hájöklum (fyrir ofan 1000 m). Kennslan er framkvæmd af Fjallaleiðsögumanni með Jöklaleiðsögumannapróf og miða skal við að hlutfall nemenda og leiðbeinanda sé 6:1. Æskilegt er að leiðbeinendur séu tveir.

Hvert fyrirtæki fyrir sig getur haldið námskeiðið Fjallaleiðsögn 1 enda uppfylli leiðbeinendur þess þær kröfur sem gerðar eru til þeirra um menntun og reynslu

#### **2.2 Fjallaleiðsögn 2** (áður nefnt Mountain Skills Course)

##### **Lýsing**

Fjallaleiðsögn 2 er átta daga fjallamennskunámskeið þar sem nemendur eru þjálfaðir í að beita

aðferðum fjallamennsku og klifurs í leiðsögn á faglegan hátt. Á námskeiðinu er kennt og metið skv. námskrá félagsins. Áhersla er lögð á þjálfun fyrir fjallaleiðsögumannaprófið þar sem aðferðir við fjallaleiðsögn eru kenndar, svo sem klifur með viðskiptavini, short-rope tækni og fjölspanna klifur. Einnig er allur undirbúningur og framkvæmd ferða tekin fyrir og lögð áhersla á vönduð vinnubrögð og fagmennsku.

### **Forkröfur**

Almennar forkröfur eru að lágmarki 30 daga samanlögð reynsla af fjallamennsku og klifri sumar og vetur. Umsækjendur þurfa að hafa lokið Fjallaleiðsögn 1. Umsækjendur verða einnig að geta sýnt fram á eftirfarandi tæknilega færni:

- Að vera færir um að klifra í klettum í leiðslu 5.6 í dóti og 5.8 í boltum í klettaklifurskóm.
- Að vera færir um að ísklifra WI3 í leiðslu og geta sigið niður á v-þræðingu.
- Að hafa klifrað a.m.k. eina fjölspanna alpaleið, t.d. NA-hrygg Skessuhorns eða suðurhlíð Hrútsfjallstinda.
- Að vera færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum á skjótan og öruggan hátt upp úr snævi þaktri jökulsprungu.
- Hafa reynslu af leiðsögn á auðveldari leiðum, eins og Sandfellsleið á Hvannadalshnúk og/eða Hafrafellsleið á Hrútsfjallstinda sem aðstoðarmenn.
- Umsækjendur skulu hafa lokið Vettvangshjálpi í óbyggðum (WFR) námskeiði eða sambærilegu.

Sendu inn lista með 10 fjallaferðum sem leiðsögumaður og þar af 5 á hájökli (yfir 1000 m).

### **Mat**

Að loknu námskeiði er metið hvort nemendur séu færir um að halda áfram í Fjallaleiðsögn 3. Ef ekki er mælt með beinu framhaldi eru gefnar ráðleggingar um hvað megi betur fara og í hvaða þáttum nemendur ættu að vinna hyggist þeir reyna aftur.

### **Réttindi**

Fjallaleiðsögn 2 er ekki próf. Námskeiðið er forsenda þess að fá að taka Fjallaleiðsögn 3 sem og að gefa nemendum persónulegt mat í færni. Þetta námskeið er ennfremur sá fjallamenskugrunnur sem krafist er fyrir þá sem hyggja á þjálfun í skíðaleiðsögn.

Þeir sem ljúka námskeiðinu með jákvæða umsögn mega leiðsegja undir óbeinni leiðsögn á tæknilega auðveldari leiðum, eins og Sandfellsleið á Hvannadalshnjúk.

### **Kennsla**

Míða skal við að hlutfall nemenda og leiðbeinanda sé 4:1 en aldrei færri en tveir leiðbeinendur. Námskeiðið er kennt af Fjallaleiðsögumönnum. Hvert fyrirtæki fyrir sig getur haldið Fjallaleiðsögn 2 enda uppfylli leiðbeinendur á því þær kröfur sem gerðar eru til þeirra um menntun og reynslu.

## **2.3 Fjallaleiðsögn 3 - Fjallaleiðsögumaður** (áður nefnt Alpine Trekking Guide)

### **Lýsing**

Fjallaleiðsögn 3 er átta daga próf þar sem nemendur eru metnir í færni sinni sem leiðsögumenn í erfiðu fjalllendi og á jöklum. Prófið tekur til allra þátta fjallaleiðsagnar og gerir kröfu um færni í klifri. Mikil áhersla er lögð á tæknilega þekkingu, línuvinnu, hraða, áhættustjórnun og fjallavit. Á námskeiðinu er kennt og metið skv. námskrá félagsins.

## **Forkröfur**

Einungis þeir sem hafa fengið jákvæða umsögn úr Fjallaleiðsögn 2 geta tekið Fjallaleiðsögn 3. Að auki þurfa þeir að uppfylla eftirfarandi tæknilegar kröfur:

- Að vera færir um að klifra í leiðslu klettaleiðir að lágmarki 5.10 í boltum og 5.8 í dóti í klettaklifurskóm.
- Að hafa ísklifrað að lágmarki 15 ísleiðir þar af 8 fjölspanna og þar af a.m.k. 3 þar sem sigið er niður úr leiðunum. Af þessum 15 eiga 8 að vera að lágmarki WI4.
- Að hafa klifrað þrjár fjölspanna alpaleiðir, eins og einhverja N-veggja Skarðsheiðar, S-hlíðar Hrutfjallstinda, austurvegg Skarðatinda eða í klettaleiðum eins og Kerlingareldi. Sambærilegar leiðir erlendis eru einnig teknar gildar.
- Að hafa lokið CAA level 1 eða sambærilegu 7 daga námskeiði í mati á snjóflóðahættu og námskeiðinu Vettvangshjálpi í óbyggðum (WFR ) eða sambærilegu.
- Umsækjendur skulu hafa lokið Jöklaleiðsögn 3.

## **Mat**

Nemendur eru metnir í öllum þáttum fjallamennsku, samskiptum við gesti, áhættustýringu, eigin hæfni, kunnáttu í björgun, fjallavit, staðar- og veðurþekkingu auk annarra þátta sem skipta máli í leiðsögn í fjallendi.

## **Réttindi**

Þeir sem ljúka prófi í Fjallaleiðsögn 3 fá titilinn Fjallaleiðsögumaður AIMG og hafa rétt til að vinna við alla fjallaleiðsögn sem er í boði í íslenskri ferðaþjónustu undir merkjum félagsins. Fjallaleiðsögumaður hefur einnig rétt til að reka fyrirtæki sem býður upp á ferðir á fjöll á Íslandi eða vera fulltrúi rekstraraðila sem bjóða upp á slíkar ferðir.

## **Kennsla**

(Prófið) Námskeiðið Fjallaleiðsögn 3 er einungis kennt af IFMGA\* leiðsögumanni og Fjallaleiðsögumanni. Miða skal við að hlutfall nemenda og leiðbeinanda sé 4:1 en aldrei færri en tveir leiðbeinendur. Prófið skal fara fram á Íslandi í fjallendi sem endurspeglar starfsaðstæður fjallaleiðsögumanna.

## **Fylgiskjal 3**

### **Skíðaleiðsögn**

#### **3.1 Skíðaleiðsögn 1**

##### **Lýsing**

Skíðaleiðsögn 1 er 5 daga námskeið ætlað tilvonandi skíðaleiðsögumönnum. Á námskeiðinu er kennt og metið skv. námskrá félagsins. Á námskeiðinu er lögð áhersla á að meta skíðafærni þátttakenda og kenna helstu þætti skíðaleiðsagnar í fjallendi.

##### **Forkröfur**

- Umsækjendur skulu hafa fengið jákvæða umsögn úr Fjallaleiðsögn 1.
- Hafa lokið 4 daga fagnámskeiði í mati á snjóflóðahættu frá Björgunarskólanum eða sambærilegu snjóflóðanámi.
- Hafa gilt Vettvangshjálp í óbyggðum (WFR) skírteini.
- Umsækjendur skulu hafa að lágmarki 100 daga skíðareynslu utanbrauta í ólíkum snjóalögum og árferði.
- Skrá 10 fjallaskíðaferðir á eigin vegum.
- Geta skíðað af öryggi í öllum snjóalögum við krefjandi aðstæður.

##### **Mat**

Nemendur eru m.a. metnir í skíðafærni, leiðarvali, staðar- og veðurþekkingu, hópstjórnun, áhættustýringu, sprungubjörgun, mati á snjóflóðahættu, ýlaleit og kennslu ásamt öðrum þáttum skíðaleiðsagnar. Að loknu námskeiði er metið hvort nemendur séu færir um að halda áfram og fara í Skíðaleiðsögn 2.

##### **Réttindi**

Þeir sem fá jákvæða umsögn á námskeiðinu geta haldið áfram á Skíðaleiðsögn 2 og mega aðstoða Skíðaleiðsögumenn við störf.

##### **Kennsla**

Kennsla fer fram innan sem utan skíðasvæða í bröttu fjallendi. Kennslan er framkvæmd af Skíðaleiðsögumanni og miða skal við að hlutfall nemenda og leiðbeinenda sé 6:1 og æskilegt er að leiðbeinendur séu tveir.

#### **3.2 Skíðaleiðsögn 2**

##### **Lýsing**

Skíðaleiðsögn 2 er átta daga námskeið í leiðsögn á fjallaskíðum og er ætlað tilvonandi skíðaleiðsögumönnum. Á námskeiðinu eru nemendur þjálfaðir í að beita aðferðum skíðafjallamennsku í leiðsögn á faglegan hátt í fjallendi og á jöklum. Á námskeiðinu er kennt og metið skv. námskrá félagsins.

Áhersla er lögð á þjálfun fyrir Skíðaleiðsögn 3 þar sem aðferðir við skíðaleiðsögn eru kenndar, svo sem rötun með áttavita og GPS, leiðarvali, áhættumati á snjóflóðasvæðum, kennslu í viðbrögðum við snjóflóðum, fjallavit og samskiptum við viðskiptavinum.

## **Forkröfur**

- Nemendur þurfa að hafa lokið Skíðaleiðsögn 1 með jákvæðri umsögn.
- Að hafa lokið CAA level 1 eða sambærilegu 7 daga námskeiði í mati á snjóflóðahættu og námskeiðinu Vettvangshjálpi í óbyggðum (WFR) eða sambærilegu.
- Nemendur þurfa að vera sjálfbjarga hvort sem er á fjallaskíðum eða gönguskíðum í fjalllendi og á hálendi Íslands.

Nemendur þurfa einnig að skila inn log-bókar færslum fyrir:

### Fjallaskíðun

- 25 x dagar á fjallaskíðum utan skíðasvæða
- 5 x dagar á fjallaskíðun á jöklum, t.d. Svínafellsjökulsleið og Eyjafjallajökull.
- 2 x leiðangrar 2 nætur eða fleiri hver í tjaldi.
- 4 x leiðangrar 2 nætur eða fleiri út frá skála.

### Gönguskíðun.

- 2 x ferðir 3 dagar eða fleiri út frá skála eða tjaldi.
- 1 x 7 daga ferð í skála eða tjaldi, t.d. yfir Sprengisand, Kjöl eða Vatnajökul.

## **Mat**

Nemendur eru metnir í öllum þáttum skíðafjallamennsku, skíðafærni, samskiptum við gesti, áhættustýringu, sprungubjörgun, ýlaprófi, fjallaviti, staðar- og veðurþekkingu auk annarra þátta sem skipta máli í skíðaleiðsögn í fjalllendi og á jöklum.

Að loknu námskeiði er metið hvort nemendur séu færir um að halda áfram í Skíðaleiðsögn 3. Ef ekki er mælt með beinu framhaldi eru gefnar ráðleggingar um hvað megi betur fara og í hvaða þáttum nemendur ættu að vinna hyggist þeir reyna aftur.

## **Réttindi**

Skíðaleiðsögn 2 veitir réttindi til að starfa undir beinni og óbeinni leiðsögn Skíðaleiðsögumanna.

## **Kennsla**

Kennsla fer fram innan sem utan skíðasvæða í bröttu fjallendi. Kennslan er framkvæmd af Skíðaleiðsögumanni og miða skal við að hlutfall nemenda og leiðbeinenda sé 6:1 og æskilegt er að leiðbeinendur séu tveir. Hvert fyrirtæki fyrir sig getur haldið Skíðaleiðsögn 2 enda uppfylli leiðbeinendur á því þær kröfur sem gerðar eru til þeirra um menntun og reynslu.

## **3.3 Skíðaleiðsögn 3 – Skíðaleiðsögumaður**

### **Lýsing**

Skíðaleiðsögn 3 er átta daga próf í leiðsögn á fjallaskíðum. Prófið er ætlað verðandi Skíðaleiðsögumönnum. Nemendur eru metnir í færni sinni sem skíðaleiðsögumenn í erfiðu fjalllendi og á jöklum. Á námskeiðinu er kennt og metið skv. námskrá félagsins.

Áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð í öllum þáttum skíðafjallamennsku, skíðafærni, samskiptum við gesti, áhættu mati á snjóflóðasvæðum, sprungubjörgun, fjallaviti, staðar- og veðurþekkingu, skipulagi ferða og góðu flæði bæði í kennslu og leiðsögn. Prófið tekur að mestu mið af fjallaskíðun og kemur inn á skíðun með aðstoð vélknúinna tækja.

## **Forkröfur**

- Að hafa lokið Skíðaleiðsögn 2.
- Að hafa lokið CAA level 1 eða sambærilegu 7 daga námskeiði í mati á snjóflóðahættu og námskeiðinu Vettvangshjálpi í óbyggðum (WFR ) eða sambærilegu.
- Að hafa unnið sem aðstoðarmaður Skíðaleiðsögumanns að lágmarki 10 daga í fjallaskíðun. Athugasemd: Þessi dagafjöldi mun aukast í 20 þegar fleiri fá réttindin.

## **Mat**

Nemendur eru metnir í öllum þáttum fjallaskíðamennsku og nemendur þurfa að vera afburða góðir skíðamenn sem geti skíðað af öryggi í öllum snjóalögum og miklum bratta (45-50°). Nemendur þurfa einnig að sýna fumlaus vinnubrögð við framkvæmd ferða og búa yfir áreynslulitlum skíðastíl.

## **Réttindi**

Þeir sem ljúka prófinu fá titilinn Skíðaleiðsögumaður AIMG og hafa rétt til að vinna við alla skíðaleiðsögn og skíðaleiðangra sem eru í boði í íslenskri ferðaþjónustu undir merkjum félagsins. Skíðaleiðsögumaður hefur einnig rétt til að reka fyrirtæki sem býður upp á skíðaferðir á fjöll á Íslandi eða vera fulltrúi rekstraraðila sem bjóða upp á slíkar ferðir.

## **Kennsla**

Prófið er einungis kennt af IFMGA\* leiðsögumanni og Skíðaleiðsögumanni AIMG. Miða skal við að hlutfall nemenda og leiðbeinanda sé 4:1 en aldrei færri en tveir leiðbeinendur. Prófið skal fara fram á Íslandi í fjallendi sem endurspeglar starfsaðstæður Skíðaleiðsögumanna. Skíðaleiðsögn 3 skal vera haldið af Félagi fjallaleiðsögumanna á Íslandi – AIMG.

\*IFMGA - International Federation of Mountain Guide Associations

## Fylgiskjal 4

### Fagnámskeið í snjóflóðum

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa áhuga á að auka þekkingu sína á snjóflóðafræðum og björgun úr snjóflóðum. Markmið þess er að hjálfa þátttakendur og gera þá færa um að meta snjóflóðahættu og taka þátt í og stjórna leit og björgun úr snjóflóðum. Einnig er mikil áhersla lögð á stærri snjóflóðavettvanga, s.s. snjóflóð á mannvirki.

Helstu þættir:

1. Leit í snjóflóðum
2. Hamfaraflóð
3. Snjóflóð á byggð og mannvirki
4. Snjóflóð utan byggðar
5. Búnaður, skipulag, aðferðir og stjórnun
6. Félagabjörgun.-
7. Mat á snjóflóðahættu
8. Snjóflóðaveðurfræði; úrkoma, vindur og hitastig
9. Snjóþekja; uppbygging, ummyndun og kristallafræði
10. Landslag og snjóflóð; landslagsgreining m.t.t. snjóflóðahættu
11. Aðferðir við upplýsinga- og gagnasöfnun
12. Leiðarval og áhættugreining
13. Björgun úr snjóflóðum
14. Fyrsta hjálp og snjóflóð; áverkar, endurlífgun, ofkæling, bjargir, búnaður og flutningsleiðir

Námskeiðið er í formi fyrirlestra og verklegra æfinga til fjalla.

Tímafjöldi er að lágmarki 56 klst.

### Ferðamennska

Námskeiðið er grunnnámskeið í ferðamennsku og er ætlað þeim sem hyggja á ferðir um óbyggðir. Markmiðið er að gera þátttakendur hæfari að stunda ferðamennsku og útivist.

Helstu þættir:

1. Ferðahegðun
2. Ofkælingarhætta
3. Fatnaður, ferða- og útivistarbúnaður
4. Mataræði
5. Veðurfræði
6. Snjóhúsa- og neyðarskýlagerð

Námskeiðið er í fyrirlestraformi og með verklegum æfingum.

Tímafjöldi er að lágmarki 8 klst.

### Ferðast á jöklum

Námskeiðinu er ætlað að gera þátttakendur hæfari til ferðalaga um jökla hvort sem er akandi eða gangandi.

Helstu þættir:

1. Ferðahegðun
2. Eðli jökla, sprungur og leiðaval
3. Búnaður
4. Hættur og viðbrögð við þeim
5. Sprungubjörgun/félagabjörgun

Námskeiðið er í formi fyrirlestra og verklegra æfinga og þurfa þátttakendur sjálfir að útvega jeppa.

Tímafjöldi er að lágmarki 20 klst.

## **Fjallamennska I**

Námskeiðið er grunnnámskeið í fjallamennsku og nýttist öllum þeim sem ferðast um fjalllendi að vetrarlagi. Námskeiðinu er ætlað að kenna þátttakendum undirstöðuatriði fjallamennsku svo þeir geti bjargað sér í fjallendi við íslenskar aðstæður. Farið yfir helstu hættur og nemendum kennd undirstöðuatriði í lestri á landslagi, sem og umhverfisvitund. Þá er farið yfir það hvernig skal að bera sig að í fjalllendi og sérstaklega er farið yfir notkun ísaxar og mannbrodna ásamt helstu snjótrygginga.

Helstu þættir:

1. Búnaður til fjallamennsku
2. Leiðarval
3. Snjóflóðahætta
4. Gengið í snjó, notkun ísaxa, gengið á mannbroddum
5. Línumeðferð, hnútar
6. Snjó- og ístryggingar
7. Létt snjó- og ísklifur

Námskeiðið er í fyrirlestraformi og verklegt þar sem gist er í skála, snjóhúsi eða tjöldum. Tímafjöldi er að lágmarki 20 klst.

## **Fjallamennska II**

Fjallamennska 2 er framhaldsnámskeið í fjallamennsku I, þar sem meiri áhersla er lögð á línuvinnu og flóknari æfingar en áður. Sérstaklega er farið yfir uppsetningu samtengdra trygginga og notkun klifurlínu í fjallamennsku. Námskeiðið er framhaldsnámskeið í fjallamennsku og nýttist þeim sem ferðast um fjalllendi að vetrarlagi.

## **Fyrsta hjálp 1**

Um 20 klst. grunnnámskeiðið í fyrstu hjálp er að ræða. Námskeiðið er ætlað þeim sem dvelja í óbyggðum. Þetta námskeið er talsvert frábrugðið hefðbundnu skyndihjálparnámskeiði að ýmsu leyti, m.a. eru nemendur undir það búnir að þurfa að sinna sjúklingi í töluvert lengri tíma en þyrfti í byggð ásamt því að nemendur fá þjálfun í því að undirbúa flutning og að flytja slasað og veikt fólk. Notast er við námsefni frá Björgunarskólanum. Markmiðið er að nemendur geti tekið þátt í að meta sjúklinga í kjölfar veikinda og slysa ásamt því að aðstoða við meðferð og undirbúning og/eða flutning þeirra á sjúkrahús.

Helstu þættir: 1. Þríhyrningakerfið

2. Tryggja öryggi
3. Endurlífgun
4. Meðvitundarleysi
5. Blæðingar
6. Bruni

Námskeiðið er í formi fyrirlestra og verklegra æfinga

Tímafjöldi er að lágmarki 20 klst.

Mælt er með endurmenntun annað hvert ár.

## **Fyrsta hjálp í óbyggðum**

Námskeiðinu er ætlað að gera þátttakendur vel þjálfaða í fyrstu hjálp svo þeir geti brugðist við slysum og veikindum þegar langt er í sérhæfða aðstoð eða ekki hægt að kalla á hjálp. Mikil áhersla er lögð á að nota lágmarksútbúnað. Námskeiðið er ætlað þeim sem starfa fjarri almennti bráðabjónustu og gætu verið í þeirri aðstöðu að bera ábyrgð á hópi eða sjúklingi.



Farið er yfir það hvernig veikindi og áverkar eru metnir, ásamt því hvaða meðferð hægt væri að beita. Námskeiðið veitir alþjóðleg réttindi.

- Helstu þættir:
1. Þríhyrningakerfið
  2. Endurlífgun
  3. Blóðrásarkerfið
  4. Ýmsir áverkar
  5. Óbyggðabjörgun
  6. Hugsanleg vandamál á fjöllum

Námskeiðið er í formi fyrirlestra og verklegra æfinga.

Tímafjöldi er að lágmarki 76 klst.

Endurmenntun á þriggja ára fresti er skilyrði.

### **Padi Divemaster (köfunarnámskeið)**

Námskeiðinu er ætlað að gera kafara hæfa til að leiða hópa fólks í köfun á öruggan og ábyrgan hátt. Námskeiðið veitir alþjóðleg réttindi.

- Helstu þættir:
1. Öryggi við köfun
  2. Samskipti við viðskiptavini
  3. Búnaður
  4. Hættur og viðbrögð við þeim

### **Rötun**

Markmiðið með námskeiðinu er að gera þátttakendur sjálfbjarga í notkun áttavita og korta ásamt því að öðlast grunnþekkingu á notkun GPS tækja.

- Helstu þættir:
1. Landakort og kortalestur
  2. Vegalengdir
  3. Áttavitinn
  4. Bauganet jarðar
  5. Staðsetning, misvísun, villur og vandræði o.fl.
  6. Grunnatriði GPS

Námskeiðið er í formi fyrirlestra og verklegra æfinga á vettvangi.

Tímafjöldi er að lágmarki 12 klst.

### **Skyndihjálp**

Námskeiðinu er ætlað að auka þekkingu og færni þátttakenda í að beita á öruggan hátt einföldum aðferðum í skyndihjálp.

- Helstu þættir:
1. Tyggja öryggi
  2. Endurlífgun
  3. Blæðingar og sár
  4. Bruna
  5. Veikindi
  6. Brot o.fl.

Námskeiðið er í formi fyrirlestra og verklegra æfinga.

Tímafjöldi er að lágmarki 12 klst.

Mælt er með endurmenntun annað hvert ár.

## **Skyndihjálþ á sundstöðum**

Markmiðið með námskeiðinu er að auka þekkingu og færni sundlaugarvarða og annars starfsfólks sundstaða í að bregðast við neyðartilfellum á sundstöðum.

Helstu þættir:

1. Almenn laugarvarsla
2. Samskipti við almenning
3. Neyðaráætlun
4. Slysavarnir
5. Árangursrík laugarvarsla
6. Björgun úr sundlaug
7. Háls- og hryggáverkar
8. Almenn skyndihjálþ
9. Bráðir sjúkdómar
10. Tækjabúnaður til súrefnismedferðar

Námskeiðið er í formi fyrirlestra og verklegra æfinga.

Tímafjöldi er að lágmarki 18 klst.

## **Snjóflóð 1**

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur læri og tileinki sér grunnatriði í mati á snjóflóðahættu og að þátttakendur séu hæfari til að framkvæma leit og björgun á fólki sem lent hefur í snjóflóði.

Helstu þættir:

1. Almenn snjóflóðafræði
2. Félagabjörgun
3. Vísbendingaleit í snjóflóðum
4. Mat á snjóflóðahættu
5. Inngangur að fyrstu hjálþ í snjóflóðum
6. Lífslíkur í snjóflóðum,
7. Kynning á öryggisbúnaði,
8. stangavinna og moksturstækni
9. veðurfræði og snjóflóð,
10. stöðugleikaprófun
11. leiðarval

Námskeiðið er í formi fyrirlestra og verklegra æfinga.

Tímafjöldi er að lágmarki 12 klst.

## **Sprungubjörgun**

Markmið námskeiðsins er að gera þátttakendur hæfa til að bregðast við ef samferðamaður fellur í sprungu. Þátttakendum er veitt færi á því að kynnast mismunandi aðferðum við sprungubjörgun, allt eftir aðstæðum og tiltækum búnaði hverju sinni. Gert er ráð fyrir því að þátttakendur búi yfir reynslu í vetrarfjallamennsku. Ákjósanlegt er að kenna þetta námskeið á jökli en einnig er vel hægt að framkvæma æfingarnar í fjalllendi.

Helstu þættir:

1. Öryggi og aðkoma á slysstað
2. Verklag við sprungubjörgun
3. Dobblanir, tryggingar, línumedferð

Námskeiðið er í formi fyrirlestra og verklegra æfinga

Tímafjöldi er að lágmarki 12 klst.

### **Vélsleðamaður 1**

Námskeiðinu er ætlað að gera þátttakendur hæfari til ferðamennsku á vélsleðum.

Helstu þættir:

1. Búnaður sleðamanns og sleða
2. Fjarskipti
3. Ferðatilhögun
4. Ferðamennska á sleðum
5. Hættur og hvað ber að varast

Námskeiðið er í formi fyrirlestra.

Tímalengd er að lágmarki 4 klst.

### **Þverun straumvatna**

Markmiðið með námskeiðinu er að gera þátttendur öruggari við þverun straumvatna

Helstu þættir:

1. Mismundandi tegundir staumvatna
2. Dægursveiflur
3. Aðferðir við þverun
4. Val á vaði
5. Útbúnaður við þverun
6. Öryggi og björgun

Námskeiðið er í formi fyrirlestra og verklegra æfinga.

Tímafjöldi er að lágmarki 12 klst.

### **Öryggi við sjó og vötn**

Námskeiðið fer fram í fjarnámi og er ætlað að gera þátttakendur meðvitaða um þær hættur sem felast í umgengni við sjó, stöðuvötn og straumvötn.

Helstu þættir:

1. Þekkja hættur og rétt viðbrögð
2. Mismunandi búnaður
3. Farið er yfir frekari menntun og þjálfun fyrir straumvötn og sjó.

Námskeiðið er í formi fyrirlesturs og er kennt í fjarnámskerfi Slysavarnafélagsins

Landsbjargar (ókeypis námskeið).

Tímalengd er að lágmarki 3 klst.